

Nefnd um málefni fatlaðra. Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn í Ráðhúsinu fimmtudaginn 3. mars 2011.

Mættir voru: Davíð Hafsteinsson, Hanna Jónsdóttir, Margrét E. Ísleifsdóttir, Bogi T. Bragason, Sigríður Gísladóttir, Skarphéðinn E. Skarphéðinsson, Svanborg Siggeirsdóttir, Sveinn Elínbergsson og Gyða Steinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Gyða setti fund kl. 17 og bauð alla velkomna.

Dagskrá:

1. Kosning formanns
2. Kosning ritara
3. Erindisbréf kynnt
4. Flutningur málaflokksins til sveitarfélaga
5. Önnur mál

1. Formaður nefndarinnar var kjörin Hanna Jónsdóttir.
2. Ritari nefndarinnar var kjörin Hafdís Bjarnadóttir.
3. Gyða kynnti erindisbréf nefndarinnar
4. Gyða sagði frá aðdraganda flutnings málaflokksins. Greindi hún frá stofnun byggðasamlags og að verkefni bæjarins séu í höndum Félags og skólaþjónustu Snæfellinga. Bað hún Svein um að skýra frá aðdraganda málsins og stöðunni í dag. Sveinn fór yfir starfsemi Félags og skólaþjónustunnar, aðdraganda flutnings málaflokksins til sveitarfélaganna á Vesturlandi og fór yfir stöðuna eins og hún er í dag. Að loknu erindi hans var boðið uppá fyrirspurnir og í kjölfarið sköpuðust umræður. Meðal annars var rætt um möguleika í húsnæðismálum, atvinnumálum, örorkuvinnusamninga, starfsstöðvar og tækifæri til verkefna.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10.